

Samantekt um skógrækt að Mosum í landi Geirlands á Síðu (Fengin Suðurlandsskógum á Selfossi í marslok 1998)

Gróðursett í land sem Rannsóknastöðin á Mógilsá lét girða 1990-92 og „Mosafélagið“ hefur sett niður tré í á hverju ári síðan 1990.

Rannsóknastöðin girti allstóra spildu í brekku norðan við túnið á Geirlandi en vestan við eyðibýlið Mosa. Girðingin er austan og sunnan í klettinum Kylla sem ber nokkuð á í landslaginu þarna. Verkið hófst árið 1990 og sama ár mun Rannsóknastöðin hafa sett niður nokkur tré þar, vestast í girðingunni. Með samkomulagi við Rannsóknastöðina og ábúendur á Geirlandi fengu sumarbústaðareigendur á Mosum (nefnt „Mosafélag“) að setja niður tré í girðinguna á eigin kostnað. Félagið hefur haldið því áfram síðan. Einnig hafa félagsmenn haldið girðingunni við á hverju ári en snjór fer stundum illa með hana á vetrum, einkum vestast.

Fyrst setti félagið tré í girðinguna næst sumarbústað sínum, þ.e. austan í brekku. En síðustu árin þegar kalla má fullgróðursett næst bústaðnum höfum við fært okkur sunnar og vestar í brekkuna.

Vinnubrögð við gróðursetningu hafa helgast af því að mikill grasvöxtur er í brekkunni og því eiga smáplöntur á hættu að kafna í grasi. Við höfum því ekki gert mikið af því að setja bakkaplöntur beint út í brekkuna en höfum komið flestum trjám af stað í pokum og beðum. Síðan höfum við grafið holur fyrir hverja plöntu og látið u.þ.b. hálfu fötu af sauðataði í hverja holu. Flestum barrtrjám höfum við skýlt fyrstu árin og jafnvel breitt 1x1 plastdúk á jörðina í kringum holuna til að halda grasvexti frá. Gróðursetning er blönduð þannig að lauftrjám er víða ætlað að veita skjól fyrir barrið sem er sett inn á milli.

Trén eru ýmist keypt hjá skógræktarstöðvum (barrtré o.fl.) eða ræktuð af stiklingum (víðitegundir og aspir). Sjálfsþurftarbúskapur hefur eflst seinni árin en framan af var meira keypt í þeirri stærð sem okkur fannst ráða við annan gróður í brekkunni.

Samskipti við Rannsóknastöðina á Mógilsá hafa ekki verið mikil en þó sendum við þangað yfirlit yfir gróðursetninguna eins og hún stóð 1993 og fulltrúar okkar hafa tvisvar heimsótt stöðina til skrafs og ráðagerða. Sjálf höfum við þreifað okkur áfram með hvað best gangi í ræktun og höfum auk þess fylgst með tilraunum í nágrenninu, bæði í landi Prestbakkakots og á Sólheimum í skógrækt Björns Jónssonar.

Flest árin höfum við sett niður ríflega 400 hríslur. Afföll hafa verið óveruleg og yfirleitt hafa flestar tegundir sprottið eins vel og best þekkist megum við segja. Skordýr hafa ekki valdið okkur teljandi búsisfum og eftir að girðingin varð fjárheld hefur fé varla spillt fyrir. Veturinn 1992-93 kom reyndar versta skaraveður í minnum kunnugra þarna eystra og fór illa með börk trjáa sem stóðu áveðurs.

Sem dæmi um starfsemina látum við hér fylgja dæmi úr okkar eigin „bókhaldi“ um skógræktina síðasta sumar. Vorið 1997 fóru niður 445 tré. Öll voru gróðursett vestarlega í landinu, fyrir ofan ökuhlið á horninu. 53 Alaskaaspir (keisarar) fóru meðfram girðingu, frá hliði og allan vestur fyrir tóftina á Krubbu. 18 grænir Alaskavíðir voru í einfaldri röð ofan við þessar aspir. Greni var að mestu í grennd við og innan um „Geirlandsskógræktina“. Jörvavíðir, tröllavíðir, Hreggstaðavíðir, birki og gulvíðir fóru ofan við gamla Geirlandskálgarðinn og innan um þetta fóru 65 stafafurur.

Aspir: 53 tré, 2ja ára, meira en 1 m plöntur, ræktaðar í Flóa.

Birki: 33 tré. Nokkurra ára af ýmsu ætterni. Geymdar í pokum á Kyllabrekku og kassa.

Blágreni: 35 tré. Keyptar bakkaplöntur '95 en geymdar í pokum í kassa. Settar í Geirlandsskógrækt og í grennd.

Greni (sitka): 20 tré. Upphaflega fengin úr Haukadal. Fáein ár í pokum í kassa. Í Geirlandsskógrækt og í grennd. Fáein nyrst í kálgarð.

Gulvíðir: 70 tré, 2ja ára úr Flóa. Stiklingar fengnir frá Gilá í Vatnsdal. Sett ofan við kálgarð, ofan við Hreggstaðavíði og jörva en líka í bland við stafafuruna.

Hreggstaðavíðir: 24 tré, 2ja ára úr Flóa, ofan við kálgarð þar sem brekkan gerist brött.

Jörvavíðir: 95 tré, 2ja ára, úr Flóa, settir ofan við kálgarð og upp með að sunnan.

Silfurreynir: 2 tré, neðan við Geirlandsskógrækt.

Stafafurur: 65 tré, tvö ár í pokum, keyptar bakkaplöntur í Fossvogi '95. Ofan við kálgarð, á flöt þar.

Tröllavíðir: 30 tré, 2ja ára úr Flóa, settur syðst og efst ofan kálgarðs.

Staða skógræktarinnar núna: Nú eru komnar 3118 plöntur í Kyllabrekkur. Þar af eru lauftré rúmlega 2320 en barrtré um 700. Algengustu tegundir eru birki, um 600 tré, Alaskavíðir af ýmsum tegundum næstum 650, gljávíðir 350, Hreggstaðavíðir 70 tré, aspir 325 tré, reynir 100 tré, gulvíðir 70, brekkuvíðir 70, strandavíðir 77. Af barrtrjám eru flest greni 325 (sitkagreni 290, blágreni 35), lerki 300 tré og furur 107 (bergfurur og stafafurur).

Gert í mars 1998. F.h. skógræktarmanna í Mosafélagi, Bjarni Ólafsson

(Afrít handa stjórn Mosafélags í apríl '98)